

Fundur í fagráði nautgriparæktar 21. febrúar 2017

Fundargerð

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 15.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Baldur Helgi Benjamínsson, Þóroddur Sveinsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Gunnar Kr. Eiríksson og Björn S. Gunnarsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Umsögn um val holdanauta vegna innflutnings fósturvísa
3. Hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt
4. Fagþing nautgriparæktarinnar
5. Önnur mál

1. Fundarsetning

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð, dags. 15. desember 2016, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Umsögn um val holdanauta vegna innflutnings fósturvísa

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands (Nautís) um nautaval vegna innflutnings á fósturvísu úr Angus-holdagripum frá Noregi unnið af Baldri Helga Benjamínssyni. Nautís hefur óskað eftir efnislegri umfjöllun og umsögn fagráðs um val nautanna en samkvæmt 3. grein reglugerðar um innflutning erfðaeftnis holdanauta og kröfur um útbúnað einangrunarstöðva nr. 850/2015 er óheimilt að flytja djúpfryst erfðaeftni holdanautgripa til landsins nema með leyfi Matvælastofnunar og að fenginni umsögn fagráðs í nautgriparækt.

Baldur Helgi fylgdi minnisblaðinu úr hlaði en þar kemur fram yfirlit um ræktunarstarf í Noregi og aldur og fallþunga sláturgripa þar sem sérstaklega er horft til Angus-gripa. Í minnisblaðinu kemur einnig fram að bændum í Noregi stendur til boða sæði úr 12 Angus-nautum og af þeim er lagt til að nota fjögur til þess að fá fósturvísa undan. Ætlunin er að skola 10 kvígur og lagt er til að NOR 74039 Li's Great Tigre verði notaður á fjórar, NOR 74029 Horgen Erie verði notaður á þrjár, NOR 74033 First-Boyd frá Li verði notaður á tvær og NOR 74068 Kid av Vølstad verði notaður á eina. Fyrst og fremst er horft til þess að nota naut sem gefi góða mæðraeiginleika til þess að renna stöðum undir greinina auk þess að ekki sé um of skylda gripa að ræða.

Fagráð gerir ekki athugasemdir við val nautanna og mælir með notkun þeirra eins og fram kemur í minnisblaðinu.

3. Hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt

Guðný Helga fór yfir forsögu málsins en á fundi sínum 22. september 2015 mælti fagráð með styrk til Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins vegna verkefnis um hagrænt vægi eiginleika í nautgripa- og sauðfjárrækt. Verkefnisstjóri var Emma Eypórsdóttir. Eitt af

aðalmarkmiðum þessa verkefnis var að meta hagrænt vægi eiginleika í kynbótamarkmiði og nýta niðurstöðurnar við endurskoðun heildareinkunnar. Nú liggur fyrir að Emma hefur sagt sig frá verkefnisstjórn af ýmsum ástæðum og verkefnið því í nokkru uppnámi.

Gunnfríður fór nokkrum orðum um stöðu verkefnisins og hugmyndir um framhald þess. Hún sagði að hugmyndin væri að endurskoða eða endurgera verkefnaáætlunina sem gæti jafnvel endað á þann veg að um nýja umsókn yrði að ræða.

Fagræð gerir ekki athugasemdir við endurskoðun verkefnisins í ljósi breyttra aðstæðna en leggur áherslu á að það verði unnið svo fljótt sem verða má. Gunnfríður fór af fundi að loknum þessum lið.

4. Fagping nautgriparæktarinnar

Búið er að vinna drög að dagskrá fagþings nautgriparæktarinnar sem verður haldið í tengslum við aðalfund Landssambands kúabænda 24. mars. n.k. á Akureyri.

Guðmundur fór yfir drög að dagskrá fagþingsins. Fundarmenn ánægðir með drögin og ákveðið að koma dagskránni sem allra fyrst í endanlegt horf. Baldur Helgi og Guðmundur munu vinna að því ásamt Margréti Gísladóttur, framkvæmdastjóra LK.

5. Önnur mál

Rætt var um áreiðanleika skýrsluhaldsins og þær skekkjur sem þar er að finna. Guðmundur sagði að í miklum meirihluta tilfella væri skýrsluhaldið áreiðanlegt en frá því væru frávik sem þyrfti að koma í betra horf. Rætt um mikilvægi þess að upplýsingar um innvegna mjólk væru lesnar inn í Huppu þannig að hægt verði með reglubundnum hætti að kanna samræmi skýrslufærðrar og innvegnar mjólkur. Ákveðið að Guðmundur kanni hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að þessar upplýsingar verði lesnar inni í Huppu með reglulegum hætti.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Þóroddur Sveinsson

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 15. desember 2016
2. Minnisblað um nautaval vegna innflutnings á fósturvísunum úr Angus-holdagripum frá Noregi